



Hagvöxtur landshluta 2008-2016



Hagvöxtur landshluta 2008-2016 Unnið af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Sigurð Árnason og Snorra Björn Sigurðsson á Próunarsviði Byggðastofnunar. Útgefið í janúar 2019.


Mestur vöxtur á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi eystra

Frá hruni bankanna hefur framleiðsla vaxið meira á þrem landsvæðum en annars staðar: Á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Hagvöxtur var 15-18% í þessum hlutum landsins á árunum 2008 til 2016, langt yfir landsmeðaltali, sem var 10%.¹ Þá vekur athygli 11% vöxtur á Norðurlandi vestra, en þar óx framleiðsla lengi einna hægst á landinu. Framleiðsla virðist vera á uppleið á Vestfjörðum síðustu árin, þótt hún sé ekki miklu meiri 2016 en 2008. Þess ber að gæta að þar hefur laxeldi aukist töluvert eftir 2016. Framleiðsla á Vesturlandi er ekki miklu meiri 2016 en 2008, en hún hefur aðeins tekið við sér seinustu árin. Á Austurlandi virðist framleiðsla fremur fara minnkandi eftir góðan vöxt fyrst eftir að álver tók til starfa í Reyðarfirði. Framleiðsla jókst áfram mikið á Suðurlandi síðasta árið sem hér er skoðað, 2016, eða um 9%. Á Suðurnesjum jókst framleiðsla um 7% 2016 og raunar var þá einnig góður hagvöxtur á Norðurlandi eystra, eða um 5%, þótt hann væri aðeins undir landsmeðaltalinu, sem var 7%.

Tafla 1. Hagvöxtur eftir svæðum 2008-2016											
	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vestur-land	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austur-land	Suðurland	Allt landið	
2009	-7 %	-5 %	-7 %	-5 %	7 %	3 %	-2 %	-15 %	-5 %	-6 %	
2010	-4 %	-2 %	-2 %	-2 %	-9 %	-2 %	-2 %	5 %	-4 %	-3 %	
2011	1 %	1 %	-6 %	0 %	-2 %	-1 %	3 %	9 %	2 %	1 %	
2012	0 %	4 %	1 %	0 %	2 %	3 %	5 %	8 %	5 %	1 %	
2013	3 %	2 %	11 %	1 %	3 %	5 %	0 %	-6 %	4 %	3 %	
2014	3 %	2 %	5 %	5 %	-5 %	-6 %	-1 %	7 %	-1 %	2 %	
2015	5 %	4 %	9 %	1 %	4 %	0 %	4 %	-4 %	7 %	4 %	
2016	8 %	5 %	7 %	4 %	4 %	7 %	5 %	-2 %	9 %	7 %	
2008-2016	9 %	11 %	17 %	4 %	1 %	11 %	15 %	-1 %	18 %	10 %	

Þegar horft er á öll árin frá 2008 til 2016 sést að í upphafi dregst framleiðsla meira saman á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, en höfuðborgin sækir á með tímanum. Árið 2016 jókst framleiðsla um 8% á höfuðborgarsvæðinu, en um 5% utan þess. Allt tímabilið frá 2008 til 2016 jókst framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu samtals álíka mikið og í byggðum landsins (9% á höfuðborgarsvæðinu 2008 til 2016, en 11% utan þess). Höfuðborgin togar enn til sín fólk. Árin 2015, 2016 og 2017 fluttust að jafnaði samtals 2-3 hundruð fleiri á ári frá Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum til höfuðborgarsvæðisins en í hina áttina, samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Straumurinn hefur heldur minnkað seinni árin og hann er ekki nærri eins sterkur og á árunum fyrir hrun. Þeir sem flytja eru flestir á aldrinum frá tvítugu, eða tæplega það, og fram yfir fertugt. Á fyrstu árum aldarinnar hjuggu fólksflutningar sums staðar stórt skarð í hóp ungs fólks á vinnumarkaði. En ekki missa allir landshlutar fólk til höfuðborgarinnar. Á árunum 2016 og 2017 fluttu samtals rúmlega þúsund fleiri frá höfuðborgarsvæðinu til Suðurnesja og Suðurlands en hina leiðina. Fram að hruni bankanna var straumurinn líka í þessa átt. Ætla má að dýrt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu ráði hér nokkru. Margir sækja áfram vinnu í höfuðborginni. Í þessari skýrslu er framleiðsla í öðrum greinum en útgerð tengd við búsetu starfsfólks. Framleiðsla manns sem starfar í Reykjavík en á heima á Selfossi er talin með Suðurlandi. Hluti af hagvexti á Suðurnesjum og á Suðurlandi, sem hér mælist, kann þess vegna að tengjast umsvifum á höfuðborgarsvæðinu.

¹ Greiningin er gerð á grunni framleiðsluuppgjörs Hagstofunnar. Vergar þáttatekjur á föstu verðlagi 2005 hækkuðu um 10% á verðlagi 2005 frá 2008 til 2016.



Mynd 1 Framlag atvinnugreina til hagvaxtar 2008 til 2016

Meginskýringin á hagvexti á árunum 2008 til 2016 er vöxtur í þjónustugreinum: Verslun, hótélum og veitingahúsum, samgöngum og fjarskiptum. Greinarnar snúast að mismiklu leyti um ferðamenn. Vöxtur í þeim vegur miklu þyngra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, en þær ráða þó mestu um hagvöxt á Suðurnesjum, þar sem Keflavíkurflugvöllur hefur þanist út, og á Suðurlandi, en flestir erlendir ferðamenn fara um það. Allan hagvöxt á höfuðborgarsvæðinu frá 2008 til 2016 og mestallan vöxt á Suðurnesjum og á Suðurlandi má skýra með vexti í „ferðaþjónustugreinum“. Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Suðurland verða líka fyrir mestu höggi ef bakslag verður í straumi ferðamanna hingað til lands – ef rétt er að tala um högg, því að íslenskur vinnumarkaður ræður illa við að sinna ferðamannafjöldanum núna og húsnæðismarkaður í höfuðborginni varla heldur. Undanfarin þrjú ár hafa útlendingar tekið að sér nær öll ný störf í veitinga- og gistihúsarekstri.² Þar ræður sjálfsagt hvort tveggja, að ferðamönnum fjölgaði mjög hratt á tímabili og að kjör, sem boðin eru, freista ekki Íslendinga. Minna munar um vöxt í ferðaþjónustu á þriðja mesta hagvaxtarsvæðinu, Norðurlandi eystra. Ferðamenn setja lítið mark á atvinnulíf á Vestfirðum og Austurlandi.

Næst á eftir ferðaþjónustu vex iðnaður mest hér á landi. Hann dafnar um allt land, en mestu skiptir vöxtur í iðnaði á Norðurlandi eystra. Sjávarútvegur blómstrar á Norðurlandi vestra og á Austurlandi. Þá er fiskeldi þegar árið 2016 orðin mikilvæg vaxtargrein á Vestfirðum. Samdráttur í fjármálastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu heldur aftur af hagvexti þar. Alls hafa umsvif fjármálafyrirtækja skroppið saman um meira en helming frá 2008. Fjármálastarfsemi hefur minnkað álíka mikið um allt land (þó heldur minna á Suðurlandi en annars staðar). En í byggðum landsins skiptir samdráttur í fjármálastarfsemi ekki sköpum í atvinnulífinu, því að hún var aldrei stór atvinnuvegur þar. Fjármálastarfsemi er á mynd 1 flokkuð með fasteignþjónustu, sérfræðipjónustu og leigu, en þessar greinar hafa vaxið mikið undanfarin ár.

² Frá 2. fjórðungi 2015 til 2. fjórðungs 2018 fjölgaði erlendum starfsmönnum hótela og gistihúsa úr 3.600 í 7.200 en Íslendingum fækkaði úr 10.600 í 10.500, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Tafla 2 Framleiðsla á mann eftir landshlutum 2008-2016, milljónir króna á verðlagi 2005											
		Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vestur-land	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austur-land	Suðurland	Allt landið
Framleiðsla	2008	702.491	310.436	52.747	51.941	16.994	16.550	70.455	40.587	61.162	1.012.926
	2016	768.609	344.775	61.943	54.112	17.131	18.313	80.702	40.151	72.422	1.113.384
Mannfjöldi	2008	197.945	117.514	20.659	15.569	7.238	7.482	28.902	11.877	25.787	315.459
	2016	213.619	118.910	22.509	15.766	6.883	7.128	29.361	10.281	26.982	332.529
Framl. á mann	2008	3,5	2,6	2,6	3,3	2,3	2,2	2,4	3,4	2,4	3,2
	2016	3,6	2,9	2,8	3,4	2,5	2,6	2,7	3,9	2,7	3,3
Breyting		1 %	10 %	8 %	3 %	6 %	16 %	13 %	14 %	13 %	4 %

Framleiðsla á mann segir sína sögu – en hana verður að túlka varlega. Hún er 24% meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni árið 2016. Hún er líka meiri á Vesturlandi og á Austurlandi en annars staðar. Þetta þýðir ekki endilega að laun séu há þar, heldur endurspeglar þetta mikla fjárfestingu. Stóriðja er á Vesturlandi og á Austurlandi og hlutur fjármagns í framleiðslunni er mikill. Mest óx framleiðsla á mann á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi á árunum 2008 til 2016, eða um 13-16%.

Hlutur höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu á hlaupandi verðlagi þokast upp á við. Árið 2016 var hluturinn 69%, en 68% 2008 og 63% árið 2003. Hlutur Vestfjarða var aðeins 1½% árið 2016 og hlutur Norðurlands vestra var svipaður. Á Austurlandi eru 4% framleiðslunnar og á Vesturlandi 5%, á Suðurnesjum eru 6%, en sterkustu svæðin utan höfuðborgarinnar eru Norðurland eystra og Suðurland með um 7% hvort.

Tafla 3 Skipting á atvinnugreinar 2016 á verðlagi 2016											
		Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vestur-land	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austur-land	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður		0 %	3 %	0 %	2 %	2 %	9 %	2 %	2 %	6 %	1 %
Sjávarútvegur		1 %	18 %	17 %	18 %	27 %	15 %	16 %	25 %	14 %	7 %
Fiskeldi		0,1 %	0,4 %	0,6 %	0,1 %	3,6 %	0,1 %	0,2 %	0,2 %	0,3 %	0,2 %
Iðnaður		7 %	13 %	5 %	27 %	5 %	8 %	9 %	28 %	7 %	9 %
Verslun, hótél veit., samgöngur		22 %	19 %	29 %	15 %	14 %	18 %	17 %	12 %	21 %	21 %
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðipjónusta		36 %	13 %	17 %	10 %	12 %	10 %	16 %	8 %	13 %	29 %
Byggingar, veitur		11 %	12 %	14 %	8 %	11 %	12 %	14 %	10 %	14 %	11 %
Opinber þjónusta		19 %	20 %	15 %	17 %	24 %	26 %	24 %	15 %	21 %	19 %
Önnur starfsemi		3 %	2 %	1 %	2 %	2 %	2 %	2 %	2 %	2 %	3 %
Samtals		100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %

Rúmur þriðjungur framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu er í fjármálastarfsemi og sérfræðipjónustu, fasteignapjónustu og leigu. Þetta eru þjónustugreinar sem skipta mun minna máli utan höfuðborgarinnar. Árið 2016 var fimmtungur allrar framleiðslu á landinu öllu í verslun, hótél og veitingastarfsemi og samgöngum. Hlutfallið er heldur hærra á höfuðborgarsvæðinu en að jafnaði utan þess. Langstærstar eru þessar greinar þar sem mest er um ferðamenn: Á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Samtals eru þjónustugreinar miklu sterkari á höfuðborgarsvæðinu en í byggðum landsins. Yfir 90% framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu er þjónusta af einhverju tagi, auk byggingarstarfsemi. Vörur eru aðeins rúm 8%. Utan höfuðborgarsvæðisins eru vörur hins vegar um 35% af því sem framleitt er. Sjávarútvegur er þar víðast hvar 10-20% framleiðslunnar – en hann skiptir ekki miklu máli í atvinnulífi höfuðborgarinnar. Mikilvægastur er sjávarútvegur á Vestfjörðum og Austurlandi, en þar er hann um fjórðungur framleiðslu. Stóriðja, sem hér er flokkuð með iðnaði, er mikilvæg á Austurlandi og á Vesturlandi. Iðnaður er rúmur fjórðungur framleiðslu í þessum landshlutum, en annars staðar er hann 5-10%. Fiskeldi er að verða mikilvæg framleiðslugrein á Vestfjörðum, en þar var hún um 3½% framleiðslu árið 2016. Annars staðar skiptir fiskeldi ekki teljandi máli í atvinnulífinu. Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi. Hlutur hans er 9% á Norðurlandi vestra og 6% á Suðurlandi, en annars staðar 2% eða minna. Landbúnaður hefur lengi verið burðargrein í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, en Suðurland er

langmikilvægasta landbúnaðarhérað landsins – þar verða tæp 40% íslenskra búvara til. Landbúnaður heldur sínu nokkurn veginn á Norðurlandi vestra en annars staðar fer hlutur hans í framleiðslu minnkandi. Þá vekur athygli að opinber þjónusta af ýmsu tagi, þar á meðal skólar og sjúkrahús, er jafnmikilvæg atvinnugrein utan höfuðborgarsvæðisins og í höfuðborginni sjálfri – víðast hvar er hún um fimmtungur framleiðslunnar. Hafa ber í huga að með opinberri þjónustu er átt við starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Tafla 4. Skipting á atvinnugreinum 2008 á verðlagi 2008										
	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vestur-land	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austur-land	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður	0 %	3 %	0 %	3 %	3 %	9 %	3 %	2 %	7 %	1 %
Sjávarútvegur	1 %	17 %	19 %	17 %	28 %	11 %	17 %	18 %	16 %	7 %
Fiskeldi	0,0 %	0,2 %	0,4 %	0,0 %	0,4 %	0,2 %	0,4 %	0,0 %	0,2 %	0,1 %
Íbúnaður	8 %	15 %	5 %	33 %	5 %	8 %	8 %	31 %	8 %	10 %
Verslun, hótél veit., samgöngur, fjarskipti	17 %	14 %	22 %	11 %	12 %	15 %	15 %	9 %	14 %	16 %
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðiþjónusta	37 %	13 %	16 %	9 %	13 %	10 %	16 %	9 %	13 %	29 %
Byggingar, veitur	13 %	15 %	19 %	9 %	11 %	15 %	14 %	16 %	17 %	13 %
Opinber þjónusta	20 %	21 %	17 %	16 %	26 %	29 %	25 %	14 %	23 %	20 %
Önnur starfsemi	3 %	2 %	2 %	2 %	2 %	2 %	2 %	1 %	3 %	3 %
Samtals	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %	100 %

Hagstofan tekur saman tölur um tekjur eftir sveitarfélögum. Fólk er með góðar tekjur í Reykjavík og nágrenni, sérstaklega á Seltjarnarnesi og í Garðabæ. Utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að miðgildi atvinnutekna sé 10-20% lægra en í höfuðborginni. Sjómenn fá há laun, en tekjur eru litlar í landbúnaði og meðallaun í einstökum byggðarlögum endurspeglar að nokkru vægi þessara greina. Laun eru að jafnaði hærri í sjávarplássum en í sveitahreppum. Miðgildi tekna á mann er nokkru herra í Fjarðabyggð en í Reykjavík 2016. Þar vegur sennilega þungt að álverið borgar vel, en austfirskir sjómenn fá líka góð laun.

Tafla 5 Skipting á atvinnugreinum 2016 á verðlagi 2016										
	Höfuðborg	Utan	Suðurnes	Vestur-land	Vestfirðir	Nland vestra	Nland eystra	Austur-land	Suðurland	Allt landið
Landbúnaður	10 %	90 %	1 %	11 %	3 %	14 %	18 %	5 %	38 %	100 %
Sjávarútvegur	14 %	86 %	15 %	13 %	7 %	4 %	18 %	14 %	14 %	100 %
Fiskeldi	20 %	80 %	20 %	2 %	34 %	1 %	9 %	5 %	10 %	100 %
Íbúnaður	55 %	45 %	3 %	14 %	1 %	2 %	8 %	12 %	5 %	100 %
Verslun, hótél veit., samgöngur	72 %	28 %	8 %	3 %	1 %	1 %	6 %	2 %	6 %	100 %
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðiþjónusta	84 %	16 %	4 %	2 %	1 %	1 %	4 %	1 %	3 %	100 %
Byggingar, veitur	65 %	35 %	7 %	4 %	2 %	2 %	9 %	3 %	9 %	100 %
Opinber þjónusta	67 %	33 %	5 %	4 %	2 %	2 %	9 %	3 %	7 %	100 %
Önnur starfsemi	79 %	21 %	2 %	3 %	1 %	1 %	6 %	2 %	5 %	100 %
Samtals	69 %	31 %	6 %	5 %	1,5 %	1,6 %	7 %	4 %	7 %	100 %

Aðferðir eru í stórum dráttum eins og áður

Horft er á magnbreytingar í framleiðslu á landinu – tölur eru á verðlagi 2005. Kjör í viðskiptum við útlönd hreyfa ekki við þeim. Þjóðartekjur, sem ráðast meðal annars af viðskiptakjörum og vaxtagreiðslum, hafa vaxið miklu meira á föstu verðlagi en landsframleiðslan undanfarin ár.

Í stórum dráttum eru sömu aðferðir notaðar og í fyrri skýrslum. Sumt hefur þó breyst. Búnaðargjald var áður grundvöllur mats á búvöruframleiðslu í einstökum landshlutum, en nú hefur það verið lagt af. Núna er framleiðslan metin með hliðsjón af áætlun Hagstofu um laun og reiknuð laun í landbúnaði í hverjum landshluta. Framleiðsla í stóriðju var áður metin sérstaklega, en það reyndist erfiðleikum bundið núna og er hún nú talin með iðnaði – öðrum en fiskvinnslu, sem flokkuð er með sjávarútvegi. Framleiðsla er almennt metin sem summa af rekstrarafgangi fyrirtækja, afskriftum og launum og tengdum gjöldum. Núna eru gögn um afkomu fyrirtækja leiðrétt á kerfisbundnari hátt en áður. Til þess að draga úr sveiflum í útkomunni er næsthæsta gildi rekstrarafgangs á árunum 2008 til 2016 notað í stað hæsta gildis og næstlægsta gildið er sett í stað lægsta gildisins. Víða eru aðeins upplýsingar um fá fyrirtæki í atvinnugrein í einstökum landshlutum og sveiflur í afkomu geta því verið óþægilega miklar í óleiðréttum gögnum.

Svæðaskipting segir aðeins hluta sögunnar

Landinu er sem áður skipt í átta hluta. Þetta er kjördæmaskiptingin sem kosið var eftir til 1999, með einni meginbreytingu: Reykjavík og nágrennbæir eru hafðir saman. Vöxtur í landshlutunum átta segir ekki alla söguna. Fólki fækkar víðast hvar í sveitum og flytur þá oft til næsta þéttbýlis. Fólk flytur síðan frá minni bæjum til stærri bæja í nágrenninu. Mikill vöxtur á Norðurlandi eystra er í reynd bundinn við Akureyri og næsta nágrenni. Fólk flytur þangað úr strjálbýli og minni bæjum í öllum landshlutum, af því að það tekur Akureyri fram yfir höfuðborgarsvæðið. Þá hefur Reykjavík áhrif langt út fyrir höfuðborgarsvæðið. Ekki virðist fjarri lagi að áætla að um það bil fimmtungur vinnandi fólks í grannbyggðum höfuðborgarsvæðisins, á Suðurnesjum, Akranesi og í vestanverðri Árnæssýslu, vinni á höfuðborgarsvæðinu.³ Nýleg athugun bendir til þess að karlar í grannbyggðum sækja fremur vinnu í höfuðborginni en konur.⁴ Á hinn bóginn er ekki ólíklegt að 2-3% höfuðborgarbúa vinni í grannbyggðum. Ætla má til dæmis að á degi hverjum sækja 3-4 þúsund manns vinnu um Reykjanesbrautina – milli Suðurnesja og höfuðborgarinnar.⁵

³ Hagfræðistofnun (2018), Áhrif fluglestar á byggð á Suðurnesjum, bls. 29, Lilja Guðríður Karlsdóttir (2016), Ferðamynstur og ferðafjöldi. Höfuðborgarsvæðið. Reykjavík. Vegagerðin og Viaplan.

⁴ Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir (2018). Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi. Tímarit um viðskipti og efnahagsmál, 15. árg., 2. tbl., sjá Töflu 2 bls. 105.

⁵ Hagfræðistofnun (2018), Áhrif fluglestar á byggð á Suðurnesjum, bls. 30.

Landakaup útlendinga geta flýtt fyrir fækkun í sveitum

Jarðaverð hefur hækkað undanfarin ár. Útlendingar borga stórfé fyrir laxveiðjarðir. Fyrir nokkrum árum var rætt um að einn veiddur lax í á á sumri gæfi um það bil eina milljón í verði jarðar. Önnur not laxveiðjarða, til dæmis til landbúnaðar, eru þá nánast innan skekkjumarka. Að mati Hagfræðistofnunar er ágóði landeigenda af veiðileyfasölu, núvirtur um alla framtíð með 4,5% raunvöxtum, um 70 milljarðar króna. Árið 2017 veiddust 46 til 47 þúsund laxar í íslenskum ám.⁶ Miðað við það ætti einn lax á sumri að þýða um það bil 1½ milljón í jarðarverði. En einnig eru boðnar háar fjárhæðir fyrir land þar sem engin von er um veiði. Útlendingar sjá verðmæti í kyrrð og aðgangi að lítt snortinni náttúru.


Hvaða áhrif hafa jarðakaupin? Í fyrsta lagi færa þau fyrri eigendum mikinn auð. Auðveldara er að bregða búi en áður. En þau geta einnig torvelað nýjum bændum að hefja búskap. Ef nýir landeigendur vilja ekki leigja ábúendum við lágu verði geta viðskiptin þýtt að hefðbundinn búskapur leggst af. Stundum er samið um að þeir sem nú eru á jörðinni verði þar áfram, en óvíst er hvort ný kynslóð tekur við búskapnum. Uppbygging er oft minni á leigujörðum en eignarjörðum. Þar kann að eiga hlut að máli að eigendur eru oft tregir til þess að veita veð til fjárfestinga.⁷ Kaup kaupstaðarbúa á jörðum geta haft svipuð áhrif og landakaup útlendinga, þó að fáir Íslendingar séu jafnfjáðir og útlendir auðmenn.

⁶ Hagfræðistofnun (2018), Virði lax- og silungsveiða.

⁷ Hagfræðistofnun (2017). Ábúðarjarðir í ríkiseigu.


Sívaxandi hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu...

Framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu er ríflega $\frac{2}{3}$ af framleiðslu á landinu öllu. Þess vegna munar ekki miklu á hagvexti á höfuðborgarsvæðinu og á öllu landinu. Þó má sjá að fyrst eftir 2008 vex framleiðsla minna í höfuðborginni og næsta nágrenni en á landinu öllu. Skil eru árið 2012, en eftir það er hagvöxtur meiri á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum landshlutum. Hagsveiflan er með öðrum orðum meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Þar hrundu bankarnir á sínum tíma og óvíða er uppsveifla vegna straums erlendra ferðamanna meiri en þar. Hagvöxtur eykst nær samfellt á höfuðborgarsvæðinu frá 2009 til 2016 – árið 2009 dregst framleiðsla saman um 7% en árið 2016 er hagvöxtur 8% – mun meiri en hagkerfið þolir til langframa.



Mynd 2 Hagvöxtur á höfuðborgarsvæði og landinu öllu 2008 til 2016

Atvinnulíf á höfuðborgarsvæði einkennist öðru fremur af þjónustu sem einkafyrirtæki veita. Alls er hlutdeild hennar upp undir 60% á höfuðborgarsvæðinu en ríflega 30% utan þess. Hluttur fjármála, fasteigna, leigu og sérfræðiþjónustu er 36% árið 2016 – álíka mikill og 2008. Þessar greinar snúast allar um þjónustu við heimamenn – hér koma ferðamenn ekki mikið við sögu. Þótt þær vegi um það bil jafnþungt og í upphafi tímabilsins hefur samsetningin breyst mikið. Á árunum 2008 til 2016 dróst fjármálastarfsemi í borginni saman um meira en helming, en leiga styrktist mikið. Þá uxu umsvif í sérfræðiþjónustu og fasteignaviðskiptum nokkuð. Þjónusta við ferðamenn (meðal annarra) efl-dist mikið frá 2008 til 2016. Hluttur verslunar, hótélrekstrar, veitingahúsa, samgangna og fjarskipta jókst úr 17% árið 2008 í 22% árið 2016.




Mynd 3 Skipting framleiðslu á höfuðborgarsvæði 2016

Framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu var 69% af framleiðslu á öllu landinu 2016.

... en stöðugri utan þess


Á árunum 2008 til 2016 var hagvöxtur jafnari utan höfuðborgarsvæðisins en þar. Bakslagið í byrjun var minna og vöxturinn á seinni hluta tímabilsins var minni. Straumur ferðamanna snertir byggðir landsins minna en höfuðborgina, þegar frá eru talin Suðurnes og Suðurland. Engu að síður eiga ferðaþjónustugreinar, verslun, hótél og veitingahús, samgöngur og fjarskipti, alls staðar nokkurn þátt í hagvexti. Auk þess hefur iðnaður vaxið í öllum landshlutum. Ódýr króna og atvinnuleysi í upphafi tímabilsins kom sprotum í iðnaði vel og uppsveiflan hefur ekki kæft þá. Þá eflidist sjávarútvegur á Norðurlandi vestra, Austurlandi og á Suðurnesjum.



Mynd 4 Hagvöxtur utan höfuðborgarsvæðis og á landinu öllu 2008 til 2016

Vöruframleiðsla einkennir atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegur, iðnaður (þar á meðal stóriðja) og landbúnaður eru rúmur þriðjungur allrar framleiðslu í byggðum landsins árið 2016, en á höfuðborgarsvæðinu eru þessar greinar innan við 10% framleiðslunnar. Hluttur verslunar, hótela og gistihúsa og samgangna hefur vaxið mikið utan höfuðborgarsvæðisins, eða úr 14% árið 2008 í 19% 2016 á hlaupandi verðlagi. Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein, en samt innan við ½% framleiðslunnar. Lax- og silungsveiði er ekki greind sérstaklega í skýrslunni, en ætla má að hluttur landeigenda í tekjum af veiðunum nálgist 0,8% af allri framleiðslu á landsbyggðinni. Mest munar um lax- og silungsveiðar á Vesturlandi, en þær eru einnig mikilvægur tekjustofn landeigenda á Suðurlandi og Norðurlandi.⁸

⁸ Hagfræðistofnun (2018). Virði lax- og silungsveiða, skýrsla C18:07.




Mynd 5 Skipting framleiðslu utan höfuðborgarsvæðis 2016

Framleiðsla utan höfuðborgarsvæðisins var 31% af framleiðslu á öllu landinu 2016.

Flugvöllurinn skýrir mikinn vöxt á Suðurnesjum


Suðurnes var næstmesta hagvaxtarsvæðið á árunum 2008 til 2016, ekki langt á eftir Suðurlandi. Vöxturinn hefur verið geysimikill eftir 2012. Fólki hefur fjölgað mikið á svæðinu. Rétt er að hafa í huga að framleiðsla er í skýrslunni jafnan talin vera þar sem starfsmenn eiga heima. Meira en tvö þúsund manns af Suðurnesjum sækja vinnu í höfuðborginni á degi hverjum, en heldur færri höfuðborgarbúar sækja vinnu á Suðurnesjum.⁹ Á nýliðnum árum hafa margir borgarbúar flutt til Suðurnesja og sumir vinna áfram í borginni. Langmikilvægustu vaxtargreinarnar snúast meira og minna um ferðamenn. Þetta eru verslun, hótél, veitingahús, samgöngur og fjarskipti. Umferð um Keflavíkurflugvöll skýrir hagvöxt í landshlutanum að langmestu leyti, en frá 2008 til 2016 jókst umferð um völinn um 160%, samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Iðnaður og sjávarútvegur hefur einnig dafnað undanfarnin ár. Vöxtur í sjávarútvegi tengist flugvölinum í Keflavík, en árið 2016 var 88% meira flutt út af nýjum fiski með flugvélum en 2008.



Mynd 6 Hagvöxtur á Suðurnesjum og á landinu öllu 2008 til 2016

Ferðamannagreinarnar, verslun, hótél, samgöngur og fleira eru hvergi eins mikilvægar og á Suðurnesjum – og raunar munar miklu á vægi þessara greina hér og annars staðar. Hluttur þeirra óx úr 22% árið 2009 í 29% 2016 á hlaupandi verðlagi. Sjávarútvegur er einnig mikilvæg atvinnugrein á Suðurnesjum, og má meðal annars skýra það með nálægð við flugvölinn í Keflavík.

⁹ Samkvæmt áætlun byggðri á skattagögnum frá 2016 o.fl., Hagfræðistofnun, Skýrsla nr. C18:04, Áhrif fluglestar á byggð á Suðurnesjum, júlí 2018, bls. 30.




Mynd 7 Skipting framleiðslu á Suðurnesjum 2016

Framleiðsla á Suðurnesjum var 6% af framleiðslu á landinu öllu árið 2016.

Lítill vöxtur á Vesturlandi

Hagvöxtur var minni á Vesturlandi frá 2008 til 2016 en í flestum öðrum landshlutum, eða 4%. Aðeins á Vestfjörðum og Austurlandi var vöxturinn minni. Öll árin frá 2011 hefur framleiðsla þó vaxið í þessum landshluta. Nokkur vöxtur var í verslun, gistingu og öðrum greinum sem tengja má ferðapjónustu. Iðnaðarframleiðsla jókst aðeins lítillega.



Mynd 8 Hagvöxtur á Vesturlandi og á landinu öllu 2008 til 2016

Hlutdeild iðnaðar í framleiðslu er meiri á Vesturlandi en víðast hvar annars staðar (iðnaður er eingöngu meiri á Austurlandi), en stærstu iðnfyrirtækin eru álver og járnblendiverksmiðja á Grundartanga. Sjávarútvegur er öflugur. Langmestum afla er landað í Ólafsvík og Rífi (rúmum 60% aflaverðmætis í landshlutanum 2016). Grundarfjörður er einnig mikilvæg löndunarhöfn, en nokkuð fer líka á land í Stykkishólmi, á Akranesi og Arnarstapa. Þjónustugreinar eru ekki mjög mikilvægar miðað við það sem gerist annars staðar. Þá er byggingarstarfsemi hvergi jafnlítill hluti framleiðslunnar og á Vesturlandi. Það er í ágætu samræmi við lítinn vöxt á svæðinu.

Hvergi á landinu er laxveiði jafnmikilvæg. Ætla má að tekjur af stangveiðum séu tæp 70% af hagnaði og launakostnaði í landbúnaði á Vesturlandi.¹⁰


Af rannsóknum Lilju Guðríðar Karlsdóttur (2018) og Byggðastofnunar (2018) má áætla að vel á annað þúsund manns sækir vinnu af Vesturlandi til höfuðborgarinnar,¹¹ flestir líklega frá Akranesi. Húsnæði er ódýrara þar en í höfuðborginni og engar hindranir á leiðinni. Á hinn bóginn eiga sennilega um 200 starfsmenn álvers á Grundartanga heima á höfuðborgarsvæðinu.¹²

¹⁰ Hagfræðistofnun (2018). Virði lax- og silungsveiða, bls. 38.

¹¹ Lilja Guðríður Karlsdóttir. (2018). Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði, Akranes, Selfoss og Hveragerði. Útg. Vegagerðin, Byggðastofnun (2018). Þjónustukönnun, Vesturland.

¹² Lilja Guðríður Karlsdóttir. (2018), eigin reikningar.

Hár og hækkaði meðalaldur er oft merki um að byggð sé á undanhaldi. Í sveitahreppum, Skorradalshreppi, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi er meðalaldur 41-46 ár. Hann hækkaði um 5-6½ ár frá 2008 til 2016.




Mynd 9 Skipting framleiðslu á Vesturlandi 2016

Framleiðsla á Vesturlandi var 5% af framleiðslu á öllu landinu árið 2016.

Staða útgerðar styrkist á Vestfjörðum

Framleiðsla var mjög svipuð árið 2016 og 2008 á Vestfjörðum. Nokkur hagvöxtur mælist þó 2014 og 2016. Helsta vaxtargreinin er fiskeldi, sem ekki vegur þungt í atvinnulífi annarra landshluta. Þá vex iðnaður nokkuð.


Sjávarútvegur er aðalatvinnugreinin og er hvergi jafnmikilvæg. Mestum afla er landað á Ísafirði og í Bolungarvík. Rekstrarafkoma veiða er ekki verri en almennt gerist hér á landi, en afkoma vinnslunnar er slök. Fjárhagsstaða útgerðar var slæm framan af tímabilinu og mun verri en í öðrum landshlutum, en hún var orðin þokkaleg í lokin. Opinber þjónusta er einnig mikilvægur atvinnuvegur og er hvergi stærri en hér, að Norðurlandi vestra undanskildu. Þá er komin fram ný atvinnugrein, fiskeldi, sem vex hratt, með 3½% framleiðslunnar 2016. Greiningin nær aðeins til 2016, en fiskeldisfyrirtæki hyggja á stórsókn í þessum landshluta, eins og kunnugt er.



Mynd 10 Hagvöxtur á Vestfjörðum og á landinu öllu 2008 til 2016

Framleiðsla á mann er hvergi minni en á Vestfjörðum árið 2016. Það skýrist fremur af litlum fjárfestingum (sem vaxa hratt með vaxandi fiskeldi) en lágum launum. Miðgildi atvinnutekna á mann er ekki fjarri því sem gerist á landinu öllu.

Meðalaldur hækkaði um tæp 3 ár í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu og um 4½ ár í Súðavíkurreppi, 4 ár í Árneshreppi og 2½ ár í Strandabyggð. Meðalaldur er orðinn hár í Árneshreppi, eða 47½ ár. Meðalaldur er mun lægri á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem viðsnúningur hefur orðið, en þar fækkaði ungu fólki stöðugt fyrir nokkrum árum. Uppbygging í fiskeldi á stærstan þátt í breytingunni.




Mynd 11 Skipting framleiðslu á Vestfirðum 2016

Framleiðsla á Vestfirðum var 1½% af framleiðslu á öllu landinu árið 2016.

Hlutur sjávarútvegs eykst á Norðurlandi vestra


Nokkrar sveiflur hafa verið í framleiðslu á Norðurlandi vestra undanfarin ár, en 2016 var hún 11% meiri en 2008. Vöxtur er í verslun, gistingu, veitingum og flutningum. Sjávarútvegur hefur einnig dafnað, auk iðnaðar og landbúnaðar.



Mynd 12 Hagvöxtur á Norðurlandi vestra og á landinu öllu 2008 til 2016

Hlutur sjávarútvegs í framleiðslu jókst úr 11% í 15% á tímabilinu. Rekstrarafkoma sjávarútvegs er betri en víðast annars staðar. Afla er nær eingöngu landað á Sauðárkróki og Skagatrönd. Hlutur verslunar, gistingar og annarra ferðaþjónustugreina hefur aukist í landshlutanum en hlutur opinberrar þjónustu minnkar.

Engin atvinnugrein gnæfir yfir aðrar í þessum landshluta, nema ef vera skyldi opinber þjónusta, sem hvergi er jafnstór hluti af heildinni. Þá er landbúnaður hvergi jafnmikilvæg atvinnugrein. Meðalaldur hækkaði um 2 ár í Skagafirði frá 2008 til 2016, um 2½-3 ár í Húnaþingi vestra og um rúm 3 ár á Skagatrönd. Hvergi fer meðalaldurinn þó langt yfir 40 ár.




Mynd 13 Skipting framleiðslu á Norðurlandi vestra 2016

Framleiðsla á Norðurlandi vestra var rúmlega 1½% af framleiðslu á öllu landinu árið 2016.


Góður hagvöxtur á Norðurlandi eystra

Framleiðsla jókst um 15% frá 2008 til 2016, langt yfir landsmeðaltali, sem var 10%. Framleiðsla jókst hvergi meira, nema á Suðurlandi og Suðurnesjum. Framleiðsla minnkaði lítið eftir 2008 og eftir það hafa komið nokkur góð hagvaxtarár. Akureyri er þjónustu- og menntakjarni, sem styrkist jafnt og þétt, en byggð í dreifbýli hefur víðast verið á undanhaldi eins og annars staðar. Fólk flytur raunar til Akureyrar úr fámennari byggðum um land allt – mörgum finnst of stórt stökk að flytja til höfuðborgarinnar. Vaxtargreinar eru einkum iðnaður og verslun, gisting og aðrar ferðaþjónustugreinar. Önnur skýring á góðum vexti á Norðurlandi eystra er að engin atvinnugrein dregst saman að nokkru ráði, nema fjármálastarfsemi og sérfræðiþjónusta.



Mynd 14 Hagvöxtur á Norðurlandi eystra og á landinu öllu 2008 til 2016

Atvinnulíf er fjölbreytt á Norðurlandi eystra, en samsetning þess hefur ekki breyst mikið undanfarin ár. Fjármálastarfsemi og sérfræðiþjónusta er stærri en í flestum öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins. Opinber þjónusta vegur þyngra en víðast hvar annars staðar. Rekstrarafkoma í sjávarútvegi er með því besta sem gerist og fjárhagsstaða sjávarútvegsfyrirtækja er góð. Meðalaldur hækkaði um 7 ár frá 2008 til 2016 í Tjörneshreppi, rúm 3½ ár í Svalbarðsstrandarhreppi, 3 ár í Norðurþingi, Svalbarðshreppi, Grýtubakkahreppi, Hörgársveit og Eyjafjarðarsveit en 2½ ár í Dalvíkurbyggð. Meðalaldur er 55 ár í Tjörneshreppi, en þar voru aðeins 110 íbúar 2016, 42½ ár í Fjallabyggð, rúm 42 ár í Þingeyjarsveit, en lægri annars staðar.




Mynd 15 Skipting framleiðslu á Norðurlandi eystra 2016

Framleiðsla á Norðurlandi eystra var 7% af framleiðslu á öllu landinu 2016.


Sjávarútvegur eflist á Austurlandi

Framleiðsla dróst lítillega saman á Austurlandi frá 2008 til 2016, en árið 2008 var sérstakt, því að framkvæmdum við virkjun og álver var þá að ljúka. Frá 2009 hefur hagvöxtur á Austurlandi að meðaltali verið svipaður og á landinu öllu. Athygli vekur þó að frá 2013 til 2016 dróst framleiðsla saman þrjú af fjórum árum. Sjávarútvegur jókst mikið á tímabilinu, bæði útgerð og vinnsla og hlutdeild hans í framleiðslu fór úr 18% árið 2008 í 25% árið 2016. Afkoma sjávarútvegs, bæði veiða og vinnsla, er hvergi betri en hér og fjárhagsstaða hans er ágæt. Iðnaður var 28% framleiðslu á Austurlandi árið 2016. Hér munar mest um álverið í Reyðarfirði. Iðnaður eflist á tímabilinu, en verslun, hótél, samgöngur og aðrar greinar, sem tengja má við ferðamennsku, stækkuðu minna en í flestum öðrum landshlutum. Framleiðsla á mann er hvergi meiri en á Austurlandi, en það má einkum tengja mikilli fjárfestingu í iðnaði. Miðgildi atvinnutekna á mann í Fjarðabyggð var tæpum 30% yfir landsmeðaltali 2016. Má líklega að miklu leyti þakka það góðum launum í álverinu í Reyðarfirði og háum launum sjómanna.



Mynd 16 Hagvöxtur á Austurlandi 2008 til 2016

Meðalaldur hækkaði um rúm 4 ár í Fljótsdalshreppi á árunum 2008 til 2016 og var 44½ ár 2016. Þá hækkaði meðalaldur um 3½ ár í Vopnafjarðarhreppi og var 43 ár 2016. Meðalaldur hækkaði um 3 ár í Borgarfirði og var 43 ár 2016 og hann hækkaði um 2½ ár á Seyðisfirði og var 43 ár 2016. Annars staðar hækkaði meðalaldur minna.




Mynd 17 Skipting framleiðslu á Austurlandi 2016

Framleiðsla á Austurlandi var 4% af framleiðslu á landinu öllu 2016.

Ferðaþjónusta skýrir uppsveiflu á Suðurlandi

Hvergi óx framleiðsla meira en á Suðurlandi frá 2008 til 2016, eða um 18%, meðan framleiðsla á öllu landinu jókst um 10%. Langmestur vöxtur er í verslun, gistingu, veitingum og flutningum. Ferðamenn nýta þessar greinar, en flestir sem koma til landsins ferðast um Suðurland. Engin atvinnugrein á Suðurlandi hefur dregist saman að nokkru ráði frá 2008. Rétt er að minna á að í þessari skýrslu er framleiðsla talin verða til þar sem starfsmenn eiga heima. Undanfarin ár hafa margir flutt frá höfuðborginni og sest að í Hveragerði, á Selfossi eða annars staðar í vestanverðri Árnessýslu. Margir vinna áfram í höfuðborginni. Það skýrir hluta af vextinum sem hér er talinn vera á Suðurlandi. Sennilega sækir á annað þúsund manns vinnu vestur yfir Hellisheiði á degi hverjum.¹³




Mynd 18 Hagvöxtur á Suðurlandi og á landinu öllu 2008 til 2016

Hlutur verslunar, gistingar og annarra ferðaþjónustugreina jókst úr 14% af framleiðslu árið 2008 í 21% árið 2016. Að öðru leyti hefur samsetning atvinnulífs ekki breyst mikið. Hlutur sjávarútvegs í framleiðslu er hvergi minni utan höfuðborgarsvæðisins. Vestmannaeyjar eru helsta löndunarhöfnin en einnig er gert út frá Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Suðurland er mikilvægasta landbúnaðarsvæði landsins. Tæp 40% íslenskra búvara verða til á Suðurlandi, en landbúnaður er um 6% allrar framleiðslu í þessum landshluta.

Meðalaldur hækkaði víða í þessum landshluta, mest um 5½ ár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og um 3½ ár í Hrunamannahreppi og Ölfusi, en meðalaldur fer þó aðeins verulega yfir 40 ár í Skaftárhreppi, þar sem hann er 43 ár.

¹³ Í könnun Lilju Guðríðar Karlsdóttur 2018 sögðust 18% viðmælenda á Selfossi vinna á höfuðborgarsvæðinu. Þá sögðust 33% viðmælenda í Hveragerði vinna á höfuðborgarsvæðinu, sjá Lilja Guðríður Karlsdóttir (2018). Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði, Akranes, Selfoss og Hveragerði. Útg. Vegagerðin. Miðað við líklegan fjölda Hvergerðinga og Selfyssinga á vinnumarkaði gefur þetta ríflega þúsund manns, en auk þess er líklegt að fólk sækji vinnu í höfuðborginni frá öðrum þéttbýlisstöðum á svæðinu.



Mynd 19 Skipting framleiðslu á Suðurlandi 2016

Framleiðsla á Suðurlandi var 7% af framleiðslu á landinu öllu árið 2016.